

**Mál nr. 157/2005**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

**Umferðaróhapp á Langholtsvegi í Reykjavík við gatnamót Álfsheima þann 20.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.8.2005.
2. Lögregluskýrsla ásamt ljósmyndum.
3. Bréf X, dags. 24.8. og 7.9.2005, ásamt frekari ljósmyndum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni A austur Langholtsveg og ætlaði að beygja til hægri suður Álfsheima. Er hann var staddur á miðjum gatnamótunum ákvað hann að bakka til vesturs eftir Langholtsvegi. Kvaðst M hafa ætlað að tala við kunningja sinn sem hafi verið á gangi vestur Langholtsveg. Bakkaði þá M yfir umferðarmerki á miðri akbrautinni og einnig á umferðarljós, sem fór á hliðina. Þá urðu skemmdir á A. Samkvæmt gögnum málsins var M 17 ára gamall þegar áreksturinn varð. Hann hafði öðlast ökuréttindi um einum og hálfum mánuði fyrir umferðaróhappið.

A var kaskótryggð hjá Vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr tryggingunni vegna skemmda á A. X hefur hafnað bótum með vísan til gr. 6.3 í skilmálum, en samkvæmt því ákvæði greiðir félagið ekki bætur, þegar tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns. Telur félagið að M hafi bakkað á mikilli ferð blindandi, þ.e. án þess að líta milli sæta út um afturrúðu bifreiðarinnar. Hann hafi ekki fylgt reglum umferðarlaga, er hann bakkaði og ekki hafi verið aðstæður við gatnamótin, sem eru fjölfarin, til að aka aftur á bak.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Sýnt þykir að M hefur ekki gætt nægilega að því sem fyrir aftan hann var, er hann ók A aftur á bak í umrætt sinn. Verður tjón það sem hlaust í óhappinu, þ. á m. á A, rakið til gáleysis M. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á að gáleysi M verði metið sem stórkostlegt gáleysi. Eru því ekki næg efni, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 20. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, til að lækka eða fella niður rétt M til bóta úr kaskótryggingu A.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist að fullu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 6. október 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.